



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
Hjálmar Árnason
Grénásbraut 910
235 Reykjanesbæ

Reykjavík 14. janúar 2016
Tilv.: MMR15011628/6.12.5-

Efni: Viðurkenning til kennslu námsbrautar til stúdentsprófs

Vísað er til tölvupósts dags. 27. okt. 2015 þar sem sótt er um staðfestingu til að starfrækja námsbrautina <http://namskra.is/programmes/6681abed-940d-4ee0-a3b9-e3fc20836902>. Jafnframt fylgir hlekkur á skólanámskrá skólans <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/skolanamskra>.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og regla sem settar eru með stoð í þeim.

Ráðuneytið sendi skólanámskrá skólans í umsögn til Menntamálastofnunar og fylgir umsögnin með þessu bréfi. Þar kemur fram að skólanámskrá uppfylli nær öll skilyrði til þess að kenna námsbraut til stúdentsprófs. Fram kemur að skýra þarf betur hvernig skráning upplýsinga fer fram, þannig að nemendum sé ljóst hvaða leiðir þeir hafi til þess að nálgast upplýsingar um námsferil sinn. Ráðuneytið bendir jafnframt á að á heimasíðu skólans: <http://www.keilir.net/is> er ekki auðvelt að finna skólanámskrá skólans. Auk hennar skal á vef skólans vera á auðveldan hátt hægt að nálgast upplýsingar um verðskrá, gjaldtökureglur og viðurkenningarbréf. Farið er fram á að Keilir sendi, hið fyrsta, upplýsingar um lagfæringar til Menntamálastofnunar en stofnunin fær samrit þessa bréfs.

Svo fremi ofangreind atriði verði lagfærð veitir ráðuneytið hér með Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð nr. 426/2010 til kennslu námsbrautarinnar: Stúdentsbraut - bóknám- hæfniprep 3 (15-82-3-6) til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin felur hvorki í sér vilýrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum í viðurkennda náminu ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Þar sem skólinn byggir rekstur sinn á skólagjöldum gerir ráðuneytið þá kröfu að nemendur séu með staðfestum hætti upplýstir um gjöldin og skilmála sem gilda um innheimtu þeirra og rétt til endurgreiðslu. Einnig skal skólinn benda nemendum á hvar skólanámskrá er birt og hvetja þá til að kynna sér skipulag náms á brautinni, námskröfur og ákvæði um réttindi og skyldur nemenda og ábyrgð skólans á eigin starfsemi áður en þeir eru teknir inn í skólann. Jafnframt ber

skólanum að senda ráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita því allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar óskað er. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa ráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða fjárhag sem viðurkenning þessi byggir á.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði framhaldsskólalaga nr. 92/2008 eða reglugerðar nr. 426/2010 getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Fyrir hönd ráðherra


Hellen Gunnarsdóttir


Björg Pétursdóttir

Fylgiskj.: Umsögn Menntamálastofnunar frá 10.11.15

Samrit: Menntamálastofnun
Víkurbíll 3
203 Kópavogur

Skólanámskrá

Eintak af skólanámskrá verður að fylgja umsókn um viðurkenningu, bæði almennur hluti, námsbrautarlýsingar og áfangalýsingar.

1. Almennur hluti skólanámskrár

Í almennum hluta skólanámskrár, sbr. 22. gr. laga um framhaldsskóla, skal gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum í starfsemi skólans:

Stjórnskipan skólans , kjörin stjórn (t.d. eigenda) eða skólanefnd, stjórn daglegrar starfsemi, fagstjórn, fjármálastjórn.	Þarf að skoða betur. Ágætt yfirlit er um stjórnendur og stöðu þeirra í skólanum.
Námsframboð , hvaða nám eða námsbrautir eru í boði í skólanum?	Í lagi. Heimasíða veitir skýrar og góðar upplýsingar um allt námsframboð skólans.
Inntökuskilyrði skulu skilgreind. Fari hluti náms á námsbrautum skóla fram í öðrum skóla/skólum skal gerð grein fyrir því svo og hvernig nemendur geta aflað sér þess náms. Þá skal því lýst hvernig sá hluti námsins, sem stundaður er í öðrum skólum, falli eðlilega að náminu í einkaskólanum, hvað varðar samhengi í námskröfum, lengd námsins og inntökuskilyrði.	Í lagi. Í hverri brautarlýsingu er greinargóð lýsing á inntökuskilyrðum.
Skipulag náms , upplýsingar um lengd í kennslustundum, vikum, önnum eða árum. Ef námið er skráð í einingum skal gera grein fyrir því sérstaklega hvað liggur að baki hverri námseiningu. Skilyrði fyrir viðurkenningu er að námið sé skipulagt sem a.m.k. fullt einnar annar heildstætt nám. Ef um nám á nýjum námsbrautum er að ræða skal skipulag þeirra falla að ákvæðum framhaldsskólalaga um flokkun og þrepaskiptingu náms eftir því sem við verður komið.	Í lagi.
Kennsluhættir , lýsing á fyrirkomulagi kennslu og kennsluaðferðum sem beitt er í skólanum.	Í lagi. Skólinn leggur ríka áherslu á vandinám og góð lýsing er á þeirri aðferð.
Námsmat , lýsing á aðferðum við námsmat, einkunnagjöf eða vitnisburð og birtingu niðurstaðna.	Í lagi. Námsmat má finna undir skipulagi náms hverrar brautar auk kafla um Próf og Próftökurétt á heimasíðu.
Námslok , hvaða viðurkenningu, réttindi eða prófheiti fá nemendur að námi loknu, á hvaða hæfniprepi eru námslokin staðsett og hvers konar staðfestingu (skírteini) fá nemendur að loknu námi?	Í lagi.
Námsferill og skráning upplýsinga um nám nemenda. Lýsing á fyrirkomulagi og skráningarkerfi námsferils. Hvernig mun skólinn tryggja nemendum aðgang að upplýsingum úr námsferli eftir að námi lýkur?	Þarf að skoða betur. Óljóst er af skólanámskrá hvernig skráning upplýsinga fer fram og hvaða leiðir nemendur hafi til þess að nálgast upplýsingar úr námsferli sínum.
Ráðgjöf sem nemendum stendur til boða í skólanum eða á vegum hans.	Í lagi. Náms- og starfsráðgjöf er vel lýst.
Önnur þjónusta við nemendur, mótuneyti, heilsugæsla og annað sem í boði kann að vera.	Í lagi. Tölvuþjónusta, upplýsingaþjónusta á bókasafni og hlutverk skrifstofu skólans er vel lýst.
Réttindi og skyldur nemenda , ákvæði séu í samræmi við góða stjórnáðferðir og með hliðsjón af ákvæðum almenns hluta aðalnámskrár framhaldsskóla um réttindi og skyldur nemenda.	Í lagi. Bæði réttindum og skyldum nemenda er vel lýst.

Meðferð ágreiningsmála í skólanum, lýsing á leiðum sem nemendur og starfsmenn hafa til að leita réttar síns telji þeir á sér brotið.	Í lagi. Ágæt lýsing á þeim leiðum sem skólinn hefur við meðferð ágreiningsmála.
Foreldrasamstarf , ef hluti nemenda skólans er ólöggráða. Lýsing á því.	Í lagi. Skólinn hefur hingað til verið fyrir 18 ára og eldri en gerir grein fyrir mikilvægi þessa samstarfs þegar breyting verður þar á.
Samstarf við utanaðkomandi aðila ef við á, t.d. þegar starfsþjálfun í fyrirtækjum er hluti af náminu. Lýsing á því.	Í lagi. Skólinn á í töluverðu samstarfi við ytri aðila og er því öllu lýst á fullnægjandi hátt.
Sjálfsmat og gæðamál , lýsing á fyrirkomulagi þeirra mála í skólanum í samræmi við 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla.	Í lagi. Greinagóð lýsing á stefnu og aðferðum í gæðamálum skólans.
Annað sem skóli kys að kveða á um í skólanámskrá	Ítarlegar stefnur varðandi stöðu starfsmanna í skólanum.

2. Námsbrautarlýsingar í skólanámskrá

Í skólanámskrá skal vera uppsett námsbraut þar sem fram kemur vægi einstakra námsgreina eða áfanga, einingafjöldi í hverjum áfanga og í heild svo og upplýsingar um meðalnámstíma.	Skólinn er í ferli með staðfestingu námsbrauta sinna auk þess sem hann stefnir á að taka upp staðfesta stúdentsbraut fyrir skólaárið 2016/17.
Kenni skóli námsbraut sem er að finna í aðalnámskrá framhaldsskóla skal námsbrautin birt í skólanámskrá eins og hún er í aðalnámskránni eða með frávikum sem ráðuneytið hefur staðfest.	Í eðlilegu ferli.

3. Umsögn um skólanámskrá

Keilir sækir um viðurkenningu til þess að kenna staðfesta námsbrautarlýsingu til stúdentsprófs. Stúdentsbrautin sem hér um ræðir er dæmabraut Mennta- og menningamálaráðuneytis; Stúdentsbraut - bóknám (15-82-3-6) og stefnir Keilir á að hefja kennslu samkvæmt henni frá og með haustinu 2016. Skólanámskrá er í ágætu samræmi við þá stefnu þar sem hún uppfyllir nær öll skilyrði sem skóli þarf að uppfylla til þess að kenna námsbraut til stúdentsprófs. Það er þó óljóst hvernig skráning upplýsinga fer fram og hvaða leiðir nemendur hafi til þess að nálgast upplýsingar úr námsferli sínum. Ekki eru gerðar námskrárfræðilegar athugasemdir gegn því að skóli fái viðurkenningu með þeim skilyrðum að úr þessum atriðum verði bætt.